

Landsnet  
Albert Guðmundsson  
Krókhálsi 5 C  
110 REYKJAVÍK

**2006090045**  
1300; 1400; 8717;  
9310; 1000; 1603;  
1604; 0000; 1100

Reykjavík, 22. mars 2007  
/--

**Efni: Háspennulínur frá Hellisheiði að Straumsvík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets hf. að matsáætlun um háspennulínur frá Hellisheiði að Straumsvík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsnets hf. dags. 16. janúar 2007 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsnet. Háspennulínur frá Hellisheiði að Straumsvík. Janúar 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu Landsnets hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Sveitarfélaginu Ölfusi, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Neytendastofu, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Umhverfissviði Reykjavíkurborgar og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Garðabæ með bréfi dags. 31. janúar 2007, Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 6. febrúar 2007, Kópavogsbæ með bréfi dags. 31. janúar 2007, Mosfellsbæ með bréfi dags. 1. mars 2007, Seltjarnarnesbæ með bréfi dags. 16. febrúar 2007, Sveitarfélaginu Álftanesi með bréfi dags. 21. febrúar 2007, Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 26. janúar 2007, Ferðamálastofu með bréfi dags. 16. febrúar 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. janúar 2007, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 6. febrúar 2007, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 1. febrúar 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 30. janúar 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 30. janúar 2007, Neytendastofu með bréfi dags. 25. janúar 2007, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 31. janúar 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. febrúar 2007,

Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 6. febrúar 2006 og Vegagerðinni með bréfi dags. 1. febrúar 2007. Umsögn Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar er jafnframt umsögn borgarinnar.

Á kynningartíma bárust 14 athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Einari Arnbjörnssyni með tölvupósti dags. 2. febrúar 2007, Guðrúnu Tryggvadóttur með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Herði Jónssyni með bréfi dags. 30. janúar 2007, Hjörleifi Guttormssyni með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Huldu Sigurðardóttur með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Íslandsflökkurum með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Íslenskum fjallaleiðsögumönnum með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Landvernd með bréfi dags. 1. febrúar 2007, Náttúruvaktinni með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Náttúruverndarsamtökum Íslands með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Sigurði Sigurðssyni með bréfi dags. 1. febrúar 2007, Svanlaugu Jóhannsdóttur með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007, Svifflugs- og Flugmálafélagi Íslands með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007 og Presti Sverrissyni með tölvupósti dags. 1. febrúar 2007.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá Landsneti í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 6., 13. og 15. febrúar, 1. og 12. mars og með tölvubréfi dags. 21. mars 2007.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu Landsnets að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Landsnets dags. 6., 13., 15. febrúar, 1. og 12. mars, í tölvubréfi dags. 21. mars 2007 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Heildstætt mat**

Fyrir liggur að markmið með fyrirhuguðum háspennulínunum er að flytja orku frá fyrirhuguðum virkjunum í neðrihluta Þjórsár og á Hellisheiði vegna stækkunar álvera Alcan í Straumsvík í allt að 460.000 tonn á ári. Úrskurður Skipulagsstofnunar um álver í Straumsvík frá 28. október 2002 um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og var fallist á framkvæmdina með skilyrðum. Úrskurðurinn var ekki kærður til umhverfisráðherra. Auk þess liggja fyrir úrskurðir Skipulagsstofnunar frá 19. ágúst 2003 um Urriðafossvirkjun allt að 150 MW í Þjórsá og breytingar á Búrfellslínu 2 og virkjun Þjórsár við Núp (Hvamms- og Holtavirkjanir) allt að 150 MW og breytingar á Búrfellslínu 1. Fallist var á framkvæmdirnar með skilyrðum. Báðir úrskurðir Skipulagsstofnunar voru kærðir til umhverfisráðherra sem staðfesti þá að viðbættum skilyrðum. Þannig liggur fyrir að ýmsar þær framkvæmdir sem eru forsendur fyrir lagningu háspennulínanna hafa sætt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 á undanförunum árum. Þann 4. desember 2006 féllst Skipulagsstofnun á tillögur Orkuveitu Reykjavíkur að matsáætlunum vegna jarðgufuvirkjana á Ölkelduhálssvæði allt að 135 MW og við Hverahlíð allt að 90 MW með athugasemdum. Þar sem fyrirhugaðar virkjanir á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð eru að talsverðum hluta forsendur fyrir lagningu háspennulínanna leggur Skipulagsstofnun áherslu á að Landsnet hafi samráð við Orkuveitu Reykjavíkur um kynningu á framkvæmdunum, m.a. að framkvæmdirnar verði auglýstar á svipuðum tíma þannig að kynningartími þeirra falli sem best saman.

## Mat á verðmætum lands

Landvernd bendir á í athugasemdum að framkvæmdaraðila beri að leggja mat á umhverfistjón sem óhjákvæmilega fylgir framkvæmdunum þar sem sú rýrnun sem verður á eignum samfélagsins, í þessu tilfalli á umhverfinu, sé hluti af heildarkostnaði við framkvæmdina. Í athugasemdum Náttúruvaktarinnar kemur fram að ekki sé lagt mat á verðmæti lands sem rýrni að gæðum með lagningu háspennulína en slíkt beri að gera þegar kostir loftlínu og jarðlagna séu bornir saman. Í svörum Landsnets kemur fram að við mat á áhrifum framkvæmdarinnar verði beitt viðurkenndum aðferðum sem tíðkast hafi í mati á umhverfisáhrifum fram að þessu hérlandis og reynsla sé komin á.

Skipulagsstofnun er meðvituð um að á síðustu áratugum hafa rutt sér til rúms aðferðir, m.a. á Norðurlöndunum, til að meta til fjár þau náttúrulegu verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir, s.s. skilyrt verðmætamat og kostnaðar-ábatagreining. Engin hefð hefur hins vegar skapast fyrir notkun slíkra aðferða hérlandis við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þessi aðferðafræði er umdeild og hefur m.a. verið bent á, að það að setja verðgildi á umhverfisþætti geti haft í för með sér að þau einkenni áhrifa sem framkvæmd getur haft í för með sér á umhverfið, t.d. „óafturkræf áhrif“ falli í skuggann af verðgildinu. Kostnaðar-ábatagreining taki t.d. ekki tillit til þess að ákvörðun um að vernda tiltekið svæði sé afturkræf og að ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir geti verið óafturkræf.

Skipulagsstofnun telur að aðferðir við að meta náttúruleg verðmæti sem glatast þegar ráðist er í framkvæmdir eigi í sumum tilfellum rétt á sér í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, en að í tilfalli fyrirhugaðra framkvæmda sé alls óvíst hver sé ávinningur af slíku mati. Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að við mat á umhverfisáhrifum háspennulínanna sé lögð áhersla á samanburð á áhrifum lagningar háspennulína sem loftlínur og sem jarðstrengur á umhverfisþætti eins og t.d. sjónræn áhrif, áhrif á landslag, jarðmyndanir, ferðamennsku og útivist og landnotkun og samfélag auk hugsanlegra áhrifa á vatnsverndarsvæði, fugla, gróður og fornleifar. Við þá vinnu þarf að horfa til einkenna áhrifanna (bein, óbein, jákvæð, neikvæð, varanleg, tímabundin, afturkræf, óafturkræf, samvirk og sammögnuð). Í þessu sambandi þarf að styðjast við viðmið umhverfisáhrifa sem er að finna í stefnuskjölum stjórnvalda. Sjá einnig umfjöllun um valkosti hér að neðan.

## Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um tengingu fyrirhugaðra virkjana við Bitru og Hverahlíð við Búrfellslínu 3. Þar kemur m.a. fram að út frá kostnaðarsjónarmiðum sé slík tenging ekki raunhæf og að færa megi fyrir því rök að rekstraröryggi línunnar verði lakara en með því að hún fari framhjá Bitruvirkjun sem tengist þá inn á Kolviðarhól með sérstakri línu.

Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hver sé hlutfallslegur kostnaður slíkrar tengingar (t.d. með því að reisa aðveitustöð/tengivirki) af heildarkostnaði fyrirhugaðrar framkvæmdar. Þá telur stofnunin að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvort slík tenging sé ekki tæknilega möguleg, burtséð frá kostnaði. Færa þarf skýr rök fyrir því ef það er ekki tæknilega mögulegt og jafnframt ítarlegan rökstuðning fyrir því hvers vega rekstraröryggi Búrfellslínu 3 væri lakara með slíkum tengingum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lýsa þurfi ítarlega og sýna á teikningum

fyrirkomulag lagningu jarðstrengja, þ.e. umfang vinnusvæðis (vegur, haugsetningarsvæðis og skurðar) og hvaða tæki verða notuð við lagninguna. Einnig þurfi að koma fram lýsing á spennuvirkjum sem notuð verði til að tengja saman jarðstreng og loftlínu og umhverfi þeirra. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar og telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um ofangreind atriði er lúta að fyrirkomulagi við lagningu jarðstrengja.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

**Valkostir.** Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um valkosti og m.a. kynntir valkostir sem fela í sér lagningu háspennulína í jörð á afmörkuðum köflum línuleiða. Samkvæmt valkostum 2 og 3 á Hellisheiði er gert ráð fyrir að Hverahlíðarlína 1 (245 kV) verði lögð sem jarðstrengur frá fyrirhugaðri Hverahlíðarvirkjun yfir Suðurlandsveg að Búrfellslínu 2 og Bitrulína 2 (245 kV) verði lögð í jörð frá Búrfellslínu 2 yfir Suðurlandsveg að aðveitustöð við Hverahlíðarvirkjun. Þá er gert ráð fyrir skv. valkostum 2-4 við Hafnarfjörð að Hamraneslínur 1 og 2 (245 kV) verði lagðar í jörð um 1,6 km vegalengd frá tengivirkinu við Hamranes og núverandi Suðurnesjalína 1 (145 kV) verði sett í jörð frá Hamranesi vestur fyrir Ísallínu 3.

Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar, Seltjarnarnesbæjar, Sveitarfélagsins Álftaness, Sveitarfélagsins Ölfuss, Mosfellsbæjar, Ferðamálastofu og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar (sem jafnframt er umsögn Reykjavíkurborgar) koma fram athugasemdir sem lúta annað hvort að því að háspennulínur verði lagðar í jörðu á lengri köflum en ráðgert er skv. tillögu að matsáætlun eða að borin verði saman umhverfisáhrif loftlína og jarðstrengja. Flestar þeirra 14 athugasemda sem bárust við tillögu að matsáætlun lúta einnig að þessum atriðum. Í svörum Landsnets hefur m.a. komið fram að vegna kostnaðar- og rekstrarlegra ástæðna og í ljósi lagaskyldu hafi Landsnet hf. ekki talið það raunhæfan valkost að leggja 245 kV jarðstrengi nema í mjög takmörkuðum mæli og jafnframt sé það ekki valkostur af hálfu Landsnets að leggja 420 kV línur í jörð. Þá kemur fram að Landsnet muni gera ítarlega grein fyrir jarðstrengslögnum, kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir á að eitt af markmiðum laga nr. 106/2000 m.s.br. er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Auk þess er eitt af markmiðunum að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og gefa almenningi kost á að koma með athugasemdir. Þá bendir stofnunin á að skv. 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005, t.l. h, skal eftirfarandi koma fram í frummatsskýrslu: *"Yfirlit yfir valkosti sem gerð er grein fyrir í frummatsskýrslu, svo sem aðra kosti varðandi tæknilega útfærslu framkvæmdar eða starfsemi, aðra staðarvalskosti"*. Skv. tölulíð 3 e í sömu grein skal koma fram í frummatsskýrslu: *"Samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa"*.

Fyrir liggur að Landsnet hyggst gera ítarlega grein fyrir jarðstrengslögnum, kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínur í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur, með tilliti til markmiða laganna og með hliðsjón af ofangreindum ákvæðum reglugerðarinnar og áformum Landsnets, að Landsnet þurfi að leggja fram í frummatsskýrslu mat á áhrifum þess kosts að leggja háspennulínur í jörð og bera þann komst saman við lagningu háspennulínu sem loftlínu á hina ýmsu umhverfisþætti, s.s. landslag og sjónræn áhrif, útivist og ferðamennsku, samfélag, jarðmyndanir, verndarsvæði, fugla, gróður, fornleifar og grunn-/neysluvatn. Í tillögu að matsáætlun er línuleiðinni skipt sem næst upp í 4 svæði og framkvæmd og framkvæmdakostum lýst innan hvers þessara svæða. Svæðin eru eftirfarandi:

- Frá Bitru og Hverahlíð að Kolviðarhóli (Bitrulína 1, Bitrulína 2, Hverahlíðarlína 1)
- Frá Kolviðarhóli að Geithálsi (Kolviðarhólslína 1)
- Frá Sandskeiði að tengivirki við Hafnarfjörð (Búrfellslína 3 og Kolviðarhólslína 2)
- Við Hafnarfjörð, Hamraneslína 3 frá tengivirki að tengivirki við Hamranes, Ísallína 3 frá tengivirki að álveri Alcan og Ísallína 4 frá tengivirki við Hamranes að Ísallínu 3.

Skipulagsstofnun telur eðlilegt að þessi svæðisskipting sé lögð til grundvallar við mat á áhrifum og ofangreindan samanburð milli lagningar háspennulínu í jörð annars vegar og háspennulínu sem loftlínu hins vegar eða samtengingar loftlínu og jarðstrengs innan viðkomandi svæðis.

**Núll-kostur.** Í kafla 2.2.5 er fjallað um núll-kost. Skipulagsstofnun telur að í umfjöllun um núll-kost í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir bæði jákvæðum og neikvæðum áhrifum sem munu verða ef ekki verður af fyrirhugðum framkvæmdum, bæði hvað varðar náttúrufarsþætti og samfélagsþætti.

### Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

**Landslag og sjónræn áhrif.** Í kafla 4.4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um háspennulínur og segir þar m.a: "*Á miklum hluta leiðarinnar eru línurnar samhliða núverandi línunum sem þegar setja svip sinn á umhverfið, eða byggðar í stað eldri lína sem eru fjarlægðar*". Skipulagsstofnun bendir á að nýbygging lína samhliða núverandi línunum kann að hafa í för með sér samlegðaráhrif, einkum m.t.t. sjónrænna áhrifa, sbr kafla 4.2.7. Í umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu þarf að sýna á myndrænan hátt og gera að öðru leyti grein fyrir og leggja mat á vægi þessara samlegðaráhrifa.

Skipulagsstofnun vill í þessu sambandi benda á að árin 2001-2002 var unnin greinargerð á vegum Líffræðistofnunar Háskóla Íslands um gildi landslags á Hengilssvæðinu. Frá þeim tíma hefur verið ráðist í miklar framkvæmdir á Hellisheiði sem ætla má að hafi í för með sér breytingar á mati Líffræðistofnunar á gildi landslags á svæðinu. Í tillögu að matsáætlun vegna háspennulínanna kemur ekki fram með hvaða hætti eigi að meta áhrif þeirra á landslag m.t.t. gildis þeirra svæða sem línurnar koma til með að liggja um en ljóst er þó að gildi sumra svæða liggur fyrir þar sem Búrfellslína 3 og Kolviðarhólslína 2 munu fara um friðlýst svæði, þ.e. Bláfjallafólkvang og Reykjanesfólkvang. Skipulagsstofnun telur að endurskoða þurfi fyrirliggjandi mat á gildi Hengilssvæðisins og leggja það til grundvallar þegar metin eru áhrif háspennulínanna á landslag.

Skv. tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.6 er fyrirhugað að meta sjónræn áhrif háspennulínanna frá mismunandi sjónarhornum. Skipulagsstofnun vill benda á að í frummatsskýrslu þarf að velja sjónarhorn frá völdum stöðum á Hellisheiði og við Kolviðarhól og þá ekki eingöngu frá sjónarhóli vegfarenda um Suðurlandsveg heldur einnig frá sjónarhóli ferðamanna sem leið eiga um Sleggjubeinsskarð í átt að Hengli, inn í Innstadal, Miðdal, Fremstadal og um Ölkelduhálssvæðið.

**Útivist og ferðamennska.** Í kafla 4.2.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um útivist og ferðamennsku. Í athugasemdum Náttúruverndarsamtaka Íslands, Íslenskra fjallaleiðsögumanna og Íslandsflakkara kemur fram að framkvæmdaraðila beri að meta þann skaða sem línulagnir og annað rask af völdum framkvæmda, svo sem vegagerð, muni valda ferðþjónustu og útivist á

svæðinu. Brýnt sé að hagur ferðaþjónustu verði metinn til fjár. Framkvæmdaraðila beri að meta til jafns þann kost að hlífa landi og viðkvæmri náttúru enda kunni sá skaði sem hlýst af landröskun að valda fjárhagstjóni fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og almenning. Í svörum Landsnets hefur komið fram að í könnun á meðal útivistarfólks hafi verið lögð áhersla á að ná til þeirra sem nýti svæðið í nágrenni fyrirhugaðra háspennulína. Könnun hafi jafnframt verið gerð meðal fagfólks í ferðaþjónustu og upplýsingar úr þeirri könnun verði lagðar til grundvallar við mat á þá þætti sem getið er um í ofangreindum athugasemdum. Upplýsingar um tekjur af ferðaþjónustu sem tengist þessum svæðum eingöngu liggi ekki fyrir og séu vart aðgengilegar að því marki að hægt sé að leggja þær til grundvallar í mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur líklegt að svo umfangsmiklar framkvæmdir til flutnings orku sem taka til víðáttumikils svæðis geti haft neikvæð áhrif fyrir ferðaþjónustuaðila sem halda úti ferðum innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki efni standa til þess að í ferli mats á umhverfisáhrifum sé lagt mat á fjárhagslegt tjón sem ferðaþjónustuaðilar kunna að verða fyrir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fjárhagslegar skaðabætur vegna tjóns af völdum fyrirhugaðrar framkvæmdar eru að mati Skipulagsstofnunar samkomulagsatriði milli Landsnets og viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækja.

**Hljóðstig.** Skipulagsstofnun telur í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar að fjalla þurfi um hvernig framkvæmdaraðili hyggst draga úr ónæði á framkvæmdatíma, einkum í nágrenni þéttbýlis í Hafnarfirði og á framkvæmdasvæði innan Reykjanesfólkvangs, t.d. í grennd við Helgafell.

**Áhrif raf- og segulssviðs.** Í kafla 4.2.14 í tillögu að matsáætlun er umfjöllun um raf- og segulsvið. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur m.a. fram að mikilvægt sé að fram komi í frummatsskýrslu skýr helgunarmörk línunnar og hvort munur sé á helgunarmörkum eftir því hvort lögn verði í lofti eða í jörðu. Óskað er sérstaklega eftir því að sá munur verði skýrður með tilliti til heilsufarsáhrifa. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Heilbrigðiseftirlitsins og telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um ofangreind atriði, þ.e. hugsanlegan mun á áhrifum raf- og/eða segulsviðs loftlínu og jarðstrengs með tilliti til áhrifa á heilsufar fólks.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Ölfus, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, iðnaðarráðuneyti, Neytendastofa, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Vegagerðin, Einar Arnbjörnsson, Guðrún Tryggvadóttir, Hörður Jónsson, Hjörleifur Guttormsson, Hulda Sigurðardóttir, Íslandsflakkarar, Íslenskir fjallaleiðsögumenn, Landvernd, Náttúruvaktin, Náttúruverndarsamtök Íslands, Sigurður Sigurðsson, Svanlaug Jóhannsdóttir, Svifflugs- og Flugmálafélag Íslands, Þröstur Sverrisson og Línuhönnun, Ólafur Árnason.

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

